

Fjárhagsáætlun stofnunarinnar skal borinn undir deildarfund félagsvísindadeildar, en heyrir endanlega undir rektor og háskólaritara, sbr. 3. og 4. mgr. 2. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands. Skal reikningshaldið vera hluti af heildarreikningi háskólans.

6. gr.

Við Félagsvísindastofnun geta starfað:

- a) Fastir kennarar í félagsvísindadeild. Auk þess er heimilt að háskólakennarar í skyldum greinum starfi við stofnunina. Um lausráðna kennara gildir sama heimild.
- b) Gistiprófessorar, sérfræðingar og styrkþegar, sem sinna tímabundnum verkefnum eða kennslu.
- c) Stúdentar og aðrir, sem stofnunin veitir starfsaðstöðu til rannsóknaverkefna.

7. gr.

Forstöðumaður Félagsvísindastofnunar skal fá greidda þóknun eftir gildandi reglum háskólans.

Háskólinn sér starfsliði fyrir vinnuáðstöðu.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 9. gr. laga nr. 77/1979, um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 78/1979, 66. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 11. júní 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Árni Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

fyrir Hitaveitu Suðurnesja.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Verður vatnsrennsli að húsinu takmarkað um hemil, eftir því sem þörf krefur.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot heita vatnsins skal húseigandi greiða samkvæmt magn-
hemli fyrir hvern mínútulítra á mánuði

kr. 860,00

Þar til hemill hefur verið settur upp eða ef hemill bilar, áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

Verði um sölu á heitu vatni að ræða í öðru formi en að framan greinir, skal verðið ákveðið hlutfallslega, skv. mæli pr. tonn kr. 43,00

4. gr.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og hemla og annast viðhald þeirra. Leigan fyrir mæli eða hemil skal greidd jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera fyrir hvern mæli eða hemil á mánuði:

- | | |
|---|------------|
| a) Fyrir mæla eða hemla allt að $\frac{3}{4}$ " | kr. 155,00 |
| b) Fyrir mæla eða hemla 1"—2" | kr. 310,00 |
| c) Fyrir mæla eða hemla 3" og stærri | kr. 620,00 |

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. gr. má krefja mánaðarlega.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss utanmál (m ³)	Heimæðargjald
Allt að 400	48 000,00
400— 2000	48 000,00 fyrir 400m ³ + 38,70 kr/m ³ þar yfir
2000— 6000	110 000,00 fyrir 2 000m ³ + 33,10 kr/m ³ þar yfir
6000— 10000	242 200,00 fyrir 16 000m ³ + 28,80 kr/m ³ þar yfir
Meira en 10000	358 000,00 fyrir 10 000m ³ + 25,10 kr/m ³ þar yfir

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 5 800,00 í aukagjald fyrir hvern hemil umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitu Suðurnesja er heimilt að hækka eða lækka hitaveitugjöld í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar breytist. Þó skal meðalheildarkostnaður við hitun húsa með hitaveitu ekki fara fram úr 80% af meðalheildarkostnaði hitunar með olúkyndingu.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, sem vanskilum veldur kr. 310,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

IV. KAFLI

13. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1985 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 476, 14. desember 1984.

Iðnaðarráðuneytið, 21. júní 1985.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum skulu hækka um 7.5% frá 1. júlí að telja frá því sem þær voru í júní. Bætur samkvæmt 19. gr. skulu hækka eins frá sama tíma.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. júní 1985.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.